

Miðvikudagurinn 25. nóvember 1998 kl. 10:00

117. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 41/1998

**Erindi Sálfræðingafélags Íslands  
vegna gjaldskrár á göngudeild Landspítalans**

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 31. október 1997, frá Sálfræðingafélagi Íslands þar sem óskað er eftir að Samkeppnisstofnun rannsaki tvö mál er varði félagsmenn miklu.

Annars vegar sé um að ræða gjaldskrá geðdeildar fyrir sálfræðiþjónustu og hins vegar hversu bagalegt það sé fyrir sálfræðinga að hafa ekki samning við Tryggingarstofnun ríkisins (TR).

Í erindinu kemur fram að fyrir 1. október 1996 hafi sjúklingar geðdeildar Landspítalans greitt 1500 kr. göngudeildargjald fyrir hverja komu til geðlæknis, sálfræðings eða félagsráðgjafa. Eftir 1. október 1996 hafi gjaldskrá geðdeildar verið breytt af fjármáladeild Ríkisspítala og muni það hafa verið vegna óánægju sjálfstætt starfandi geðlækna, en gjaldskráin hafi verið hækkuð til að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart geðlæknum á sjúkrastofnunum. Fyrir þjónustu annarra sérfræðinga deildarinnar greiði sjúklingar 1500 kr. eins og áður. Þar sem fjöldi sálfræðinga starfi sjálfstætt og TR taki ekki þátt í kostnaði sjúklinga vegna sálfræðiþjónustu sé samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi sálfræðinga gagnvart starfsfélögum sínum á geðdeild Landspítalans verulega skert enda sé þeim illmögulegt að keppa á grundvelli verðlagningar geðdeildar Landspítalans. Því er óskað eftir því að Samkeppnisstofnun hlutist til um að fjármáladeild Ríkisspítala leiðrétti gjaldskrána þannig að sjálfstætt starfandi sálfræðingar búi við eðlilega samkeppnisstöðu gagnvart sálfræðingum sem starfi á geðdeild Landspítala.

Í erindi sálfræðinga segir jafnframt að TR taki þátt í kostnaði sjúklings af geðlæknisþjónustu. Sálfræðingar séu hins vegar ekki með samning við TR og því sé ekki um þátttöku stofnunarinnar að ræða í kostnaði sjúklinga vegna sálfræðiþjónustu. Að vissu marki stundi geðlæknar og sálfræðingar sama sjúklingahóp. Enda þótt sálfræðingum sé ekki heimilt að ávísa lyfjum þá beiti þeir sömu meðferð þ.e. samtalsmeðferð. Samkeppnisstaða sálfræðinga gagnvart geðlæknum sé því verulega skert vegna þess að geðlæknaþjónustan sé niðurgreidd af TR en þjónusta sálfræðinga ekki. Með því að gera samninga við geðlækna um niðurgreiðslu á þjónustu þeirra, en ekki við sálfræðinga, telur Sálfræðingafélag Íslands að TR stuðli að því að takmarka aðgang sálfræðinga að markaðnum. Slíkt sé brot á samkeppnislögmum. Samkeppnisstofnun beri að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni, sbr. d.-lið 2. mgr. 5. gr. samkeppnislaga.

Verður sá þáttur erindisins sem snýr að samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi sálfræðinga gagnvart sálfræðingum starfandi á göngudeild geðdeildar Landsspítalans tekin hér til skoðunar. Í sérstöku áliti verður fjallað um þann þátt erindisins er snýr að því álitaefni hvort TR skuli leitast við að semja við Sálfræðingafélag Íslands.

## **II. Málsmeðferð**

Erindi Sálfræðingafélags Íslands var sent TR og fjármáladeild Ríkisspítala til umsagnar. Auk þess var afrit sent til heilbrigðisráðuneytisins.

### **1.**

Í umsögn Ríkisspítala sem barst Samkeppnisstofnun, þann 8. apríl sl., segir að nokkurs misskilnings virðist gæta hjá Sálfræðingafélagi Íslands um að gjaldskrárbreyting á göngudeildum hafi komið að frumkvæði geðlækna eða vegna óánægju þeirra með eldri gjaldskrá. Hið rétta sé að gjaldskránni hafi verið breytt til samræmis við reglugerð heilbrigðisráðuneytisins nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Jafnframt segir í umsögninni: „*Ríkisspítalar geta ekki einhliða ákveðið annað gjald á göngudeildum en er ákveðið í reglugerðinni frá febrúar 1996, en gert var ráð fyrir því að þegar samræmingu á milli sjúkrahúsanna í Reykjavík á gjaldi fyrir komur á göngudeildir til annarra heilbrigðisstétta en lækna væri*

*lokið yrði að fara fram á samþykki Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á þeirri gjaldskrá, enda segir í áðurnefndum leiðbeiningum að leita skuli staðfestingar Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í þeim tilvikum, sem sjúkrahús ákveður það heildargjald, sem hluti sjúklings reiknast af“.*

Þá segir að sálfræðingar við Ríkisspítala hafi ekki lagt inn erindi um breytingu á komugjaldi, en fljótlega verði kallað eftir upplýsingum frá þeim heilbrigðisstétum, sem vitað sé um að taki við sjúklingum á göngudeildum og ekki hafi unnið drög að gjaldskrá. Vegna umfangs starfsemi Ríkisspítala hafi verið ákveðið að fyrst yrði gjaldskrá fyrir komu til lækna leiðrétt enda bein tilvísun til þeirra í reglugerðinni. Jafnframt hafi verið óskað eftir upplýsingum um komur á göngudeildir til annarra heilbrigðisstarfsmanna og tillögum að gjaldi fyrir þær komur.

Loks segir: „*Nauðsynlegt sé að sálfræðingar á geðdeildum í samráði við framkvæmdastjóra geðlækningasviðs komi sem fyrst með tillögur að því heildargjaldi, sem talið er við hæfi að ákveða greiðsluhlut sjúklings af fyrir komu til sálfræðinga á geðdeildum“.*

## 2.

Umsögn Ríkisspítala var send Sálfræðingafélagi Íslands til athugasemda. Með símbréfi, þann 27. apríl sl., tilkynnti Sálfræðingafélagið Samkeppnisstofnun að það muni ekki gera athugasemdir við umsögn Ríkisspítala.

## 3.

Samkeppnisstofnun sendi lögmanni kvartanda, Þórunni Guðmundsdóttur hrl., bréf þann 4. júní sl. og upplýsti lögmanninn um þær vinnureglur sem stuðst væri við á geðdeild Landspítalans við mat á því hvaða sjúklingar hefðu aðgang að deildinni og þá að þjónusta þeirra sálfræðinga sem þar störfuðu.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar er vakin athygli á því sjónarmiði stjórnenda geðdeildarinnar að á meðal almennings sé litið svo á að sú þjónusta sem veitt sé á geðdeildum sé lokaúrræði fyrir þá sem eigi við andlega erfiðleika að stríða. Þeir leiti því alla jafna fyrst til sjálfstætt starfandi sérfræðinga áður en þeir snúi sér til geðdeildar og tali við geðlækni.

#### 4.

Samkeppnisstofnun barst bréf, dags. 21. október sl., frá lögmanni kvartanda þar sem fram kemur að Sálfræðingafélag Íslands geri ekki athugasemdir við þær vinnureglur geðdeildar Landspítalans sem lýst sé í bréfi Samkeppnisstofnunar.

Jafnframt kemur fram að það sé mat sálfræðinga að þessi aðgangur sjúklinga að sálfræðingum sé ekki nægjanlegur í mörgum tilfellum m.a. vegna þess hve fáir sálfræðingar séu við störf á sjúkrahúsinu og hve kostnaðarsamt það sé fyrir sjúklinga að leita til sálfræðinga á einkastofum t.d. eftir að dvöl á sjúkrahúsi ljúki.

Loks kemur fram að Sálfræðingafélag Íslands hafi engar upplýsingar um í hve miklum mæli geðlæknar vísi sjúklingum á sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Félaginu sé ekki kunnugt um að það tíðkist að sjúklingar sem hafi komið á sjúkrahúsið séu síðan teknir til meðferðar hjá sálfræðingum á einkastofum.

### III.

#### Niðurstöður

##### 1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 25. nóvember 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Eins og fram kemur hér að framan er kvörtun Sálfræðingafélags Íslands tvíþætt. Hér verður aðeins fjallað um meinta samkeppnislega mismunun sem að mati félagsins felst í gjaldskrá göngudeildar Landspítalans fyrir komu sjúklinga til sálfræðings. Gjaldskráin sé svo lág að sjálfstætt starfandi sálfræðingum sé gert ókleift að keppa við sálfræðinga sem starfa á sjúkrastofnunum á jafnréttisgrundvelli.

##### 2.

Á geðdeild Landspítalans starfa nokkrir sálfræðingar auk geðlækna og annars starfsfólks. Fyrir 1. október 1996 greiddu sjúklingar sama göngudeildargjald kr. 1.500 fyrir hverja komu, án tillits til þess hvort þeir leituðu til sálfræðinga eða geðlækna. Gjaldskrá geðdeildar var síðan breytt þann 1. október 1996. Breytingin fólst í að hækka greiðslu sjúklings fyrir einnar klukkustundar viðtal við geðlækni úr 1.500 kr. í 2.341 kr. Upphæð þessi hefur síðan verið lækkuð í

kr. 1.855. Fyrir þjónustu allra annarra starfsmanna deildarinnar greiða sjúklingar kr. 1.500 eins og áður.

Í umsögn Ríkisspítala um gjaldskrá göngudeildar geðdeildar Landspítalans kemur fram að gjaldskrárbreytingin frá október 1996 hafi komið til vegna reglugerðar heilbrigðisráðuneytisins nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Í framhaldi af reglugerðinni hafi komið leiðbeiningar frá heilbrigðisráðuneytinu um það með hvaða hætti ætti að útfæra gjaldskrá á göngudeildum til samræmis við reglugerðina. Reglugerðin hafi aðeins tekið til gjalds fyrir komu til geðlækna. Aftur á móti verði fljótlega kallað eftir upplýsingum frá sálfræðingum um komur á göngudeildir til að unnt verði að leiðrétta gjaldskrána fyrir þjónustu þeirra.

### 3.

Í leiðbeiningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1996, vegna reglugerðar nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu segir m.a.: „*Fyrir heimsókn til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skal greiða hlutfallsgjald, þ.e. fyrstu 1.400 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er*“.

Greiðsla sjúklings fyrir komu á göngudeild er því hin sama og greiðsla sjúklings fyrir komu til sérfræðings á stofu. Ekki eru tilgreindar sérstakar greiðslur sjúklings fyrir viðtalstíma hjá sálfræðingum göngudeilda en í máli geðdeildar hefur komið fram að sjúklingar greiði 1.500 kr. þar til annað verði ákveðið.

### 4.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skilgreina þann þjónustumarkað sem sálfræðingar starfa á og mál þetta varðar. Hvorki stjórn Ríkisspítala né heilbrigðisráðuneytið hafa gefið út formlegar reglur um það hvaða skilyrði sjúklingar þurfi að uppfylla til að geta nýtt sér þjónustu göngudeildar geðdeildar Landspítalans. Að sögn stjórnenda geðdeildar Landspítalans hefur verið stuðst við ákveðnar vinnureglur inni á deildinni sl. 2–3 ár við mat á því hverju sinni hvort einstaklingur sé svo illa haldinn að nauðsyn sé á einhvers konar meðferð á geðdeild eða ekki. Umrætt mat er í höndum vakthafandi geðlæknis. Ef um bráðatilvik er að ræða er viðkomandi sjúklingur lagður inn á deildina. Ef tilvik er ekki jafn alvarlegt fær viðkomandi sjúklingur tíma hjá geðlækni á deildinni sem síðan leggur mat á það í hverju bráðameðferð skuli

felast. Ef vakthafandi geðlæknir telur, eftir að hafa metið viðkomandi sjúkling, að ekki sé um bráða eða alvarlegt tilfelli að ræða eru honum gefnar upplýsingar um sjálfstætt starfandi sálfræðinga og bent á að leita til þeirra.

Einhvers konar skráning sjúklings inn á geðdeild er forsenda þess að sjúklingar njóti þjónustu göngudeildar, s.s. þjónustu geðlækna deildarinnar og sálfræðinga deildarinnar. Eftir meðferð á göngudeild, t.d. 3–5 viðtöl, eru sjúklingar útskrifaðir af sjúkrahúsinu og bent á að snúa sér til heimilislæknis komi upp frekari vanlíðan eða sjúkdómseinkenni. Sem sjúkratryggðir greiða þeir, sem meðferðar njóta á göngudeild geðdeildar Landspítalans, aðeins hluta þess kostnaðar sem hlýst af meðferðinni, en stærsti hluti kostnaðarins er greiddur af TR.

Af framangreindu sést að aðgangur að sálfræðingum göngudeildar geðdeildar Landspítalans er háður mati vakthafandi geðlæknis. Sálfræðingar deildarinnar vinna á eigin ábyrgð en undir einhverri stjórn geðlæknis, þ.e. geðlæknir ákveður lyfjameðferð og stýrir henni. Geðlæknir ber alltaf endanlega ábyrgð á viðkomandi sjúklingi. Hver sjúklingur er skráður á tiltekinn geðlækni og sér viðkomandi læknir um að stýra heildarmeðferð sjúklings. Það er því háð mati viðkomandi geðlæknis hvers konar meðferð viðkomandi sjúklingur fær, þ.m.t. hvort sjúklingur fari í viðtal við sálfræðing á deildinni eða ekki.

Aðgangur að sjálfstætt starfandi sálfræðingum er öllum opinn. Ekki þarf annað en að panta viðtalstíma hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi. Sálfræðingur veitir síðan viðtalstíma eða synjar um hann. Ekki er nauðsynlegt fyrir viðkomandi einstakling að uppfylla fyrirfram ákveðin skilyrði, s.s. um brýna þörf fyrir viðtali eða að hann sé haldinn sérstaklega mikilli vanlíðan, heldur veitir sálfræðingur viðtalstíma eða synjar um hann. TR eða hið opinbera að öðru leyti tekur ekki þátt í kostnaði viðkomandi einstaklings af viðtali hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi heldur greiðir hann kostnaðinn að fullu sjálfur.

Meðferð hjá sjálfstætt starfandi geðlækni og sjálfstætt starfandi sálfræðingi er ekki sambærileg við meðferð hjá geðlækni og sálfræðingi á göngudeild geðdeildar Landspítalans. Eðlismunur er á skiptingu ábyrgðar. Sjálfstætt starfandi geðlæknir ber ekki ábyrgð á meðferð sjálfstætt starfandi sálfræðings eða öfugt. Sjálfstætt starfandi sálfræðingur starfar alfarið á eigin ábyrgð.

## 5.

Að teknu tilliti til ofangreinds er það mat samkeppnisráðs að sjálfstætt starfandi sálfræðingar og sálfræðingar göngudeildar geðdeildar Landspítalans starfi ekki á sama þjónustumarkaði og því sé ekki um samkeppni þeirra á milli að ræða. Við það mat styðst samkeppnisráð aðallega við þrennt, þ.e. aðgangi að þjónustu sálfræðinganna, verði fyrir þjónustuna og ákvörðun um tengingu við lyfjameðferð.

Eins og segir hér að framan er það háð mati vakthafandi geðlæknis á Landspítalanum hvort sjúklingur sé annars vegar það illa haldinn að hann fái aðgang að Landspítalanum. Ef sjúklingur fær aðgang að spítalanum metur geðlæknirinn hvort hann fari í viðtalstíma til sálfræðings eða ekki. Ef pantaður er viðtalstími hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi ræðst að öllum líkindum hvort hægt sé að fá tíma, af því einu hvort einhver tími sé laus sem henti viðkomandi einstaklingi.

Þeir sjúklingar sem að mati vakthafandi geðlæknis Landspítalans þurfi á sálfræðiþjónustu að halda greiða fyrir það 1.500 kr. á klst. Annar kostnaður við heimsóknina greiðist af hinu opinbera. Ef pantaður er viðtalstími hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi greiðir einstaklingur fyrir hann samkvæmt gjaldskrá sálfræðingsins, en í máli Sálfræðingafélags Íslands hefur komið fram að það geti verið frá kr. 3.500 til 4.500 á klst. Alla jafna þurfa greiðslur fyrir viðtalstíma að standa undir öllum rekstrarkostnaði sjálfstætt starfandi sálfræðings.

Geðlæknir sjúklings á Landspítalanum ákveður lyfjameðferð samhliða sálfræðimeðferð ef við á. Geðlæknirinn vinnur náið með sálfræðingi deildarinnar varðandi alla framvindu meðferðar og tekur lyfjameðferð viðkomandi einnig mið af því. Sjálfstætt starfandi sálfræðingur hefur ekki heimild til að ákveða lyfjameðferð samhliða viðtalsmeðferð. Ef viðkomandi einstaklingur er jafnframt í lyfjameðferð hjá sjálfstætt starfandi geðlækni er ekki algilt að hún taki að einhverju leyti mið af sálfræðimeðferðinni eða að sálfræðimeðferðin taki að einhverju leyti mið af lyfjameðferðinni.

**IV.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Þar sem sjálfstætt starfandi sálfræðingar og sálfræðingar göngudeildar Landspítalans starfa ekki að mati samkeppnisráðs á sama þjónustumarkaði er ekki um samkeppni á milli þeirra að ræða í skilningi samkeppnislaga. Því eru ekki efni til frekari afskipta samkeppnisráðs í máli þessu.“**